

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 137/1993.

Stálskip hf.

(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

gegn

Þrotabúi Hraðfrystihúss

Patreksfjarðar hf.

(Sveinn Sveinsson hrl.)

Nauðungarsala. Úthlutun uppboðsandvirðis. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. mars 1993. Hann krefst þess að verða sýknaður af kröfum stefnda, til vara, að sér verði aðeins gert að greiða 1.669.863 krónur og til þrautavara 2.066.164 krónur, í báðum tilvikum með hlutfallslegum vöxtum, sem fallið hafa á innstæðu á geymslureikningi nr. 13955 í Íslandsbanka hf., Hafnarfirði, frá 10. nóvember 1989 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti en um málskostnað.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er rétt, að áfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal verað óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Stálskip hf., greiði stefnda, Þrotabúi Hraðfrystihúss Patreksfjarðar hf., 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 18. desember 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Sveinn Sveinsson hdl., kt. 020248-2979, skiptastjóri þrotabús Hraðfrystihúss Patreksfjarðar hf., höfðað fyrir dóminum f. h. þrotabúsins á hendur Ágústi Sigurðssyni, Birkíhvammi 3, Hafnarfirði, stjórnarformanni í Stálskipum hf., kt. 580271-0149, Trönuhrauni 6, Hafnarfirði, f. h. Stálskipa hf.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 5.230.313 kr. og til að hlíta því, að stefnanda beri sem greiðsla allt það geymslufé, 5.230.313 kr., sem lagt var inn á geymslureikning (deponerað) við Útvegsbanka Íslands, Hafnarfirði, nú Íslandsbanka hf., Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði, 10. 11. 1989, sbr. kvittun fyrir deponeringu nr. 13955 og skilagrein, dags. 9. 11. 1989, vegna uppboðsmáls bv. Sigureyjar, BA-25.

Enn fremur er þess krafist, að allir áfallnir vextir af geymslufjárhæðinni við útborgun hennar falli til stefnanda.

Pá er þess krafist, að málskostnaður verði dæmdur skv. gjaldskrá LMFÍ og virðisaukaskattur á hann, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga og að dráttarvextir leggist við tildæmdan málskostnað á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þessar:

Aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

1. varakrafa: Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu hluta, 1.669.863 kr., af geymslufé því, sem lagt var inn á geymslureikning skv. lögum nr. 9 frá 5. maí 1978 um geymslufé í Útvegsbanka Íslands, Hafnarfirði, nú Íslandsbanka hf., Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði, 9. nóvember 1989 vegna uppboðsmáls bv. Sigureyjar, BA-25, ásamt hlutfallslegum áföllnum vöxtum, allt skv. nánari ákvörðun dómsins.

2. varakrafa: Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu hluta, 2.066.164 kr., af geymslufé því, sem lagt var inn á geymslureikning skv. lögum nr. 9 frá 5. maí 1978 um geymslufé í Útvegsbanka Íslands, Hafnarfirði, nú Íslandsbanka hf., Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði, 9. nóvember 1989 vegna uppboðsmáls bv. Sigureyjar, BA-25, ásamt hlutfallslegum áföllnum vöxtum, allt skv. nánari ákvörðun dómsins.

3. varakrafa: Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu alls þess geymslufjár, 5.230.313 kr., sem lagt var inn á geymslureikning skv. lögum nr. 9 frá 5. maí 1978 um geymslufé í Útvegsbanka Íslands, Hafnarfirði, nú Íslandsbanka hf., Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði, 9. nóvember 1989 vegna uppboðsmáls bv. Sigureyjar, BA-25, ásamt áföllnum vöxtum.

4. varakrafa: Að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og vaxtafótur færður niður.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda ásamt virðisaukaskatti.

Dómari leitaði sátta með aðilum, en án árangurs.

Í greinargerð stefnda var aðalkrafa hans frávisun málsins. Frá þeirri kröfu féll stefndi í þinghaldi 15. október sl. Er aðalkrafa stefnda því nú hin sama og 1. varakrafa hans skv. greinargerð o. s. frv.

Í stefnu krafðist stefnandi upphaflega dráttarvaxta af stefnufjárhæð frá 28. 8. 1989 til greiðsludags, en við aðalmeðferð breytti hann kröfu sinni að þessu leyti í það horf, sem hún er í skv. framanskráðu.

I.

Málavextir eru þeir, að á nauðungaruppboði, sem haldið var af sýslumanni Barðastrandarsýslu 28. ágúst 1989 á Patreksfirði á bv. Sigurey, BA-25, sem var í eigu stefnanda, var stefndi hæstbjóðandi. Bauð hann 275.500.000 kr. í skipið, og skv. uppboðsskilmálum var uppboðskaupendum boðið að greiða 1/4 hluta uppboðsverðsins, strax og tilboð væri samþykkt, en afganginn innan tveggja mánaða, að svo miklu leyti sem það fengi ekki að standa áfram veðtryggt í hinni seldu eign.

Tilboð stefnda var samþykkt 11. september 1989, og greiddi hann þá 1/4 uppboðsfjárhæðarinnar, 64.375.000 kr.

Skipið var afhent stefnda 21. september 1989.

Stefndi greiddi uppboðsrétti Barðastrandarsýslu 68.336.442 kr. 10. nóvember 1989, og daginn áður lagði hann 5.230.313 kr. inn á geymslureikning í Útvegsbanka Íslands í Hafnarfirði. Ástæða þess var sú, að stefndi tók á sig skuldir við Fiskveiðasjóð Íslands, Landsbanka Íslands og ríkissjóð Íslands, sem á uppboðsdegi námu samtals 119.558.245 krónum, en námu hins vegar 124.788.558 kr. 7. 11. 1989, er þær voru útreiknaðar. Mismunurinn er því umræddar 5.230.313 kr., sem stefndi „deponeraði“. Ágreiningslaust er með aðilum, að stefndi hafi gert full skil á uppboðsandvirðinu, ef frá er skilin ofangreind deponeringarfjárhæð, sem er sú tala, er stefndi telur, að greiðsla til þrotabús stefnanda eigi að lækka um vegna hækkunar yfirtekinna skulda frá uppboðsdegi til 7. 11. 1989. Stefnandi telur aftur á móti, að miða beri við uppboðsdag við alla útreikninga.

Í uppboðsafsali til stefnda, dagsettu 8. 12. 1989, segir m.a.:

„Uppboðskaupandi hefur skilyrt greiðslu af hluta uppboðsandvirðisins, að fjárhæð 5.230.313 kr.; er gerður fyrirvari við útgáfu uppboðsafsalsins um vexti og dráttarvexti á nefndum eftirstöðvum.“

Yfirteknar skuldir voru gengis- og verðtryggðar.

Í bréfi stefnda til Útvegsbanka Íslands hf., dagsettu 9. 11. 1989, þar sem umræddar 5.230.313 kr. eru geymdar, segir svo:

„Stálskip hf., Hafnarfirði, leyfir sér að setja sem geymslufé, depositum, skv. lögum nr. 9/1978, inn á reikning hjá stofnun yðar 5.230.313 kr. með eftirfarandi skilmálum:

Á nauðungaruppbóði, sem fram fór á Patreksfirði 28. 8. 1989, keypti Stál-vík hf. bv. Sigurey, BA-25, fyrir 257.500 kr. Ágreiningur hefur risið um það, við hvaða tímamark eigi að miða yfirtöku áhvílandi veðskulda við Lands-banka Íslands, lán nr. 01-02-0132, nr. 12-03-0132, nr. 01-97-5301, Fiskveiða-sjóð Íslands, lán nr. 20290, 6911, BS-28. og við ríkissjóð Íslands, áhvílandi 5. veðr. Bv. Sigurey. Sýslumaður Barðstrendinga telur, að miða eigi við upp-boðsdag 28. 8. 1989, en Stálskip hf. vill miða við 7. 11. 1989, þegar lánin voru reiknuð út. Skv. hjálögðum útreikningi á lánunum er mismunur á þessum 7 lánum, hvort miðað er við uppboðsdaginn 28. 8. 1989 annars vegar og 7. 11. 1989 hins vegar 5.230.313 kr., hvað lánin eru hærri á síðari tímapunktinum. Eigi að miða við síðari tímapunkt, lækkar greiðsla Stálskips hf. til þrotabús Hraðfrystihúss Patreksfjarðar hf. um sömu upphæð. Mál þetta verður lagt til úrskurðar uppboðsréttar Barðastrandarsýslu. Verði niðurstaða réttarins og þá á eftir Hæstaréttar, verði málinu áfrýjað, sú, að miða beri við fyrri tímapunkt, skal upphæðin ásamt vöxtum greidd sýslumanninum í Barða-strandarsýslu vegna þrotabús Hraðfrystihúss Patreksfjarðar hf. Verði niður-staðan hins vegar sú, að miða beri við síðari tímapunkt, ber að endurgreiða Stálskipi hf. upphæðina ásamt vöxtum. Verði farin millileið, skal upphæðin skiptast í samræmi við endanlegan dóm.“

Í þinghaldi 15. október sl. var eftirfarandi bókað eftir lögmonnum aðila:

„Aðilar komast að eftirfarandi samkomulagi: Þrátt fyrir ákvæði á dskj. 11 um að greind deponering standi á bak við úrskurð uppboðsréttar Barða-strandarsýslu, samþykkja aðilar, að deponeringin standi á bak við dóm í þessu bæjarþingsmáli, eins og það hefði upphaflega verið sett í texta depon-eringarinnar, enda verði kvittun fyrir deponeringunni lögð fram í næsta þinghaldi. Með þessu samkomulagi fellur stefndi frá frávísunarkröfu í mál-inu.“

Í málinu var lögð fram svohljóðandi yfirlýsing sýslumanns Barða-strandarsýslu, dagsett 20. nóvember 1990:

„Uppboðshaldarinn í Barðastrandarsýslu lýsir því hér með yfir, að hann sé samþykkur því, að málið:

Protabú Hraðfrystihúss Patreksfjarðar hf.

gegn

Stálskipum hf.

verði flutt og dæmt á bæjarþingi Hafnarfjarðar og dómur, sem þar fellur, taki til þeirrar deponeringar, sem fram hefur verið lögð í málinu.“

Framangreindir skilmálar vegna deponeringarinnar voru lagðir fram sem dskj. 11, kvittun fyrir deponeringu sem dskj. 19 og framangreind yfirlýsing uppboðshaldarans í Barðastrandarsýslu sem dskj. 17.

II.

Af hálfu stefnanda eru dómkröfur reistar á þeim málsástæðum og rök-um, að ekki leiki vafi á, að stefnda beri að greiða stefnanda stefnufjárhæðina. Stefndi hafi boðið 257.500.000 kr. í skipið á uppboðsþingi 28. 8. 1989. Af þeirri fjárhæð hafi hann nú greitt 252.261.87 kr., sbr. dskj. 3, endurrit úr uppboðsbók Barðastrandarsýslu, en sú fjárhæð hafi skipst þannig, að 232.234.101 kr. hafi verið greidd veðhöfum, en 25.265.899 kr. hafi verið greiddar stefnanda. Stefndi hafi sjálfur greitt kröfur veðhafa að mestu.

Þá komi skýrt fram í úthlutunargerð uppboðsréttar Barðastrandarsýslu, skráðri í uppboðsbók 21. 11. 1989, hvaða fjárhæðir í krónum talið það séu, sem kröfuhafar hafi gert kröfu um í uppboðsandvirðið, bæði hvað varðar lögveðskröfur og veðkröfur.

Sömu kröfur komi og fram í uppboðsafsali í uppboðsbók 8. 12. 1989, sbr. dskj. 4. Þessi tvö endurrit úr uppboðsbók, þ. e. dskj. 3 og 4, beri svo skýrt með sér sem verða megi, hverjar kröfur uppboðsbeiðendur og aðrir veðhafar telji sig eiga til uppboðsandvirðisins. Þeir geti aldrei fengið hærri greiðslu af uppboðsandvirðinu en krafa þeirra hljóðaði um, enda hafi enginn þeirra síðar gert slíka kröfu fyrir uppboðsréttinum.

Þá séu fullyrðingar stefnda um, að við frágang á kröfum við veðhafa hafi hann orðið að greiða eða taka á sig hærri fjárhæðir en kröfur þeirra í uppboðsandvirðið námu, uppboðsréttinum og stefnanda óviðkomandi. Stefndi sem eigandi þess, er upp var boðið, geti ekki þurft að gjalda fyrir það, enda þótt veðhöfum hafi tekist að hlunnfara stefnda við uppgjör hans á kröfunum. Uppboðsskilmálarnir hafi verið skýrir. Samkvæmt 3. gr. þeirra hafi uppboðskaupanda verið boðið að skipta greiðslu uppboðsverðisins þannig:

1. „Kaupandi borgi, um leið og boð hans er samþykkt, 1/4 hl. kaupverðs.

2. Innan tveggja mánaða, frá því að boð hans er samþykkt, greiði hann eftirstöðvar kaupverðisins, að svo miklu leyti sem það fer ekki að standa áfram veðtryggt í hinni seldu eign.“

Stefndi hafi kosið að notfæra sér greiðsluskilmála uppboðsandvirðisins að öðru leyti en því, að hann hafi ekki talið sig eiga að standa skil á 5.230.313 kr. Stefndi telji það á hinn bóginn algera fjarstæðu, að stefndi

geti sloppið við að greiða tilboðsfjárhæð sína, sem ákveðin hafi verið í íslenskum krónum. Stefndi geti því aldrei sem uppboðskaupandi komið sér hjá því að greiða uppboðsandvirðið miðað við þær forsendur, sem verið hafi til staðar á uppboðsdeginum. Kröfur veðhafa hafi verið ákveðin krónutala á uppboðsdegi, og byggir uppgjör við þá vegna uppboðsmálsins á sömu forsendum. Þeir hafi lýst kröfum sínum í uppboðsandvirðið miðað við stöðu lánanna á uppboðsdegi, og samkvæmt uppboðsskilmálunum hafi þeir því orðið að setta sig við að fá sömu fjárhæð greidda í lok tveggja mánaða frestsins, eins og fjárhæð þeirra hafi staðið á uppboðsdegi. Þá geti það, að stefndi semji beint við veðhafana, ekki skert rétt síðari veðhafa eða þrotabúsins, eins og ástátt sé í máli þessu. Uppboðskaupandi verði að standa uppboðsréttinum skil á nákvæmlega þeirri krónutölu, sem hann hafi boðið í uppboðsandlagið á uppboðsdegi. Vísitölubreytingar eða gengisbreytingar á veðskuldum frá uppboðsdegi til greiðsludags geti aldrei haft áhrif á heildargreiðslur til veðhafa. Þá sé ljóst, hvort sem um veðhafa eða uppboðspöla sé að ræða, að óhugsandi sé annað en þeir megi treysta þeirri uppboðsfjárhæð, sem fram komi á uppboðsdegi, og fyrir veðhafa, sem sjái þannig kröfu sinni borgið, sé óþolandi og fái ekki staðist, að síðar geti hann átt von á því að fá lítið eða ekkert upp í kröfu sína.

Kröfum sínum til stuðnings vísar stefnandi til uppboðslaga nr. 57/1949, s. s. 35. gr. og 2. mgr. 47. gr.

III.

Stefndi rökstyður aðalkröfu sína um sýknu með því, að það séu grundvallarreglur í lögfræði, að við úthlutun uppboðsandvirðis beri að hafa eftirfarandi grundvallarreglur í huga: Fyrst greiðist sjóveðs- og lögveðskröfur, næst greiðist að fullu kröfur 1. veðréttarhafa, áður en nokkuð greiðist upp í kröfur 2. veðréttarhafa, o. s. frv. Ekki sé hægt án samþykkis 1. veðréttarhafa að skerða kröfur hans til þess að ívilna síðari veðhöfum.

Uppboðsskilmálar og uppboðslög geri ráð fyrir því, að uppboðsverð geti uppboðskaupandi greitt á lvennan hátt, annars vegar með peningum og hins vegar með yfirtöku veðskulda. Oftast sé því svo farið, að hluti sé greiddur með peningum og hluti með yfirteknum skuldum.

Samkvæmt uppboðsskilmálum, dskj. 5, skyldi kaupverð greitt þannig, að 1/4 hluta skyldi greiða við samþykkt tilboðs, og hafi það verið gert. Þá segi á sama dskj., að innan tveggja mánaða frá samþykkt tilboðs skuli greiða eftirstöðvar með peningum, að svo miklu leyti sem það verði ekki gert með yfirtöku skulda. Óumdeilt sé, að þessar eftirstöðvar, sem nema 3/4 hlutum uppboðsverðsins, skuli greiða án vaxta, vísitölu eða annarra verðbóta, svo framarlega sem þær séu greiddar innan þessara tveggja mánaða. Greiðsla

þessi hafi farið fram innan tveggja mánaða, svo að ágreiningslaust sé, að hefði stefndi kosið að greiða allar eftirstöðvarnar í peningum, 193.125.000 kr., hefði engin krafa verið gerð á hendur honum um neinar viðbætur. Uppboðskaupverðið, 257.500.000 kr., sé óhagganleg fjárhæð í þessu sambandi, sem vinna verði út frá.

Í kröfúlýsingum Fiskveiðasjóðs, Landsbanka Íslands og ríkissjóðs Íslands, sbr. dskj. 8, 9 og 10, sé kröfum lýst eins og þær stóðu á uppboðsdegi 28. 8. 1989, en í þeim sé engin yfirlýsing í þá átt, að þessir aðilar falli frá hækkun skuldanna fram til afsalsdags eignarinnar eða þess dags, sem krafa þeirra verði greidd. Þeir eigi því rétt á greiðslu kröfunnar á gengi þess dags, sem greiðsla fari fram, og það þótt gengismunur skerði hlut síðari veðhafa. Þá sé ágreiningslaust, að þessi munur, þ. e. miðað við uppboðsdag annars vegar og 7. 11. 1989 hins vegar í útreikningum, nemi stefnuþjárhæðinni, 5.230.313 kr.

Stefndi hafi tekið við þessum skuldum innan tveggja mánaða frá samþykkt tilboðsins, þ. e. 10. nóvember 1989, og beri þess vegna að reikna út kröfuna, bæði hvað gengi og vexti varði, út frá þeim degi. Af hagkvæmnisástæðum hjá stefnda hafi útreikningur hins vegar farið fram 7. 11. 1989, og sé stefndi reiðubúinn að hlíta því, jafnvel þótt útreikningur þremur dögum síðar hefði komið honum betur. Þetta hafi verið staðfest við uppboðsrétt Barðastrandarsýslu. Kröfuhafar hafi hins vegar ekki verið reiðubúinir til þess að fella niður kröfur sínar, sem nemi hækkun skulda á nefndu tímabili. Þennan mismun verði stefndi því að greiða, og ef viðurkenna ætti sjónarmið stefnanda í málinu, myndi kaupverð skipsins hækka um 5.230.313 kr. Sú geti hins vegar ekki orðið raunin.

1. varakröfu sína miðar stefndi við útreikninga á yfirteknum skuldum framangreindra þriggja aðila miðað við afhendingu skipsins 21. 9. 1989, og hefði munurinn þá orðið 1.669.863 kr., sem stefnda bæri að greiða, en varðandi 2. varakröfu, sem miðaðist við samþykktardag tilboðs, væri munurinn 2.066.164 kr., sem stefnda bæri að greiða. En að öðru leyti yrði stefndi þá sýknaður, því að telja verði, að með greiðslu sinni inn á geymslureikning skv. 1. gr. laga nr. 9/1978 svo og skv. öðrum greinum laganna yrði að telja, að stefndi hefði staðið við skuldbindingar sínar að fullu. Stefnandi geti þá gengið að þeirri fjárhæð, sem rétturinn úrskurði, ásamt áföllnum vöxtum á þá fjárhæð.

3. varakröfu sína miðar stefndi við, að fallist dómurinn ekki á 1. eða 2. varakröfu, verði litið svo á, að með greiðslu á öllu geymslufénu hafi stefndi fullnægt að öllu leyti skyldum sínum við stefnanda, og beri því að sýkna hann gegn því, að stefnandi fái geymsluféð greitt út.

4. varakrafa stefnda varðaði vaxtafót í kröfum stefnanda, og þar sem stefnandi hefur fallið frá dráttarvaxtakröfu sinni, en heldur sig við áfallna vexti af geymslufénu, kemur þessi varakrafa ekki til álita.

IV.

Niðurstaða réttarins.

Eins og að framan er rakið, snýst ágreiningur málsaðila um það í grófum dráttum, hvort uppboðskaupanda, stefnda, hafi verið heimilt að draga frá greiðslu uppboðsandvirðis bv. Sigureyjar, BA-25, þær 5.230.313 kr., sem hann deponeraði og eru sama fjárhæð og yfirtekin lán þriggja aðila hækk-uðu frá uppboðsdegi til 7. 11. 1989, er þau voru uppreiknuð m. v. yfirtöku-dag, sem var reyndar þremur dögum síðar, eða hvort stefndi verði að taka þá hækkun á sig og beri því að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð.

Ágreiningslaust er með aðilum, að miðað við uppboðsskilmála hafi veð-hafar og aðrir kröfuhafar einungis átt kröfu í uppboðsandvirðið miðað við stöðu krafna þeirra á uppboðsdegi, svo fremi þær væru greiddar innan tveggja mánaða frá samþykkt kaupsboðs.

Ágreiningslaust er einnig, að þeir þrír aðilar, sem sömdu við stefnda um, að lán þeirra stæðu áfram á hinni seldu eign, lýstu kröfum sínum í uppboðs-andvirðið m. v., hvernig þær stóðu á uppboðsdegi.

Boð stefnda í skipið, að fjárhæð 257.500.000 kr., var samþykkt af upp-boðsrétti. Það er því sú fjárhæð, sem stefnda bar skilyrðislaust að sýna upp-boðsrétti fram á, að hefði verið greidd innan þeirra tveggja mánaða frá samþykkt tilboðs, sem uppboðsskilmálar kváðu á um, annaðhvort með greiðslum til uppboðsréttarins með því að sýna skilríki fyrir greiðslu til ein-stakra veðhafa eða með því að sýna skilríki fyrir heimild til yfirtöku lána, sem áfram mættu standa á uppboðsandlaginu.

Veðhafar og aðrir þeir, sem rétt áttu til greiðslu af uppboðsandvirðinu, lýstu kröfum sínum fyrir uppboðshaldara. Hann deildi uppboðsandvirðinu niður á kröfuhafa eftir því, sem lög stóðu til og uppboðsandvirði hrökk til, og þá í samræmi við kröfugerð þeirra. Það, sem eftir stóð, skyldi síðan renna til uppboðspola.

Þeir aðilar, sem samþykktu, að lán þeirra stæðu áfram á hinu selda skipi, gerðu kröfu til uppboðsandvirðisins miðað við stöðu krafna þeirra á upp-boðsdegi og áskildu sér ekki vexti, vísitöluhækkanir eða aðrar verðbætur í kröfugerð sinni.

Uppboðshaldari úthlutaði uppboðsandvirði á grundvelli kröfugerða í það. Uppboðskaupandi átti því að standa skil á uppboðsandvirðinu í sam-ræmi við úthlutun uppboðsréttar. Óumdeilt er, að þeir, sem áttu rétt til uppboðsandvirðisins, áttu ekki rétt til vaxta eða annarra verðbóta frá upp-

boðsdegi til greiðsludags, væru greiðslur inntar af hendi innan umrædds tveggja mánaða tíma. Telja verður hið sama eiga við, þegar um yfirtekin lán er að ræða, að því er varðar rétt til uppboðsandvirðisins. Þótt yfirtekin lán hafi hækkað frá uppboðsdegi til yfirtökudags þeirra eða annarra þeirra tímamarka, er í varakröfum stefnda getur, er ekki fallist á þann skilning stefnda, að sú hækkun skuli bætt af uppboðsandvirðinu. Slíkt myndi leiða til skerðingar á rétti annarra veðhafa eða uppboðspóla í þessu tilviki, sem hafi mátt treysta því, að úthlutunargerð yrði í samræmi við kröfur þær, sem lýst var í uppboðsandvirðið og tóku mið af stöðu krafna á uppboðsdegi.

Gagnvart uppboðsandvirðinu verður uppboðskaupandi því að hlíta þeim rétti, sem þeir veðhafar, er samþykktu, að lán þeirra stæðu áfram á hinu selda, áttu til þess miðað við kröfugerð þeirra. Uppboðskaupandi getur aldrei öðlast meiri rétt en þeir, hvað þetta varðar, enda væri óeðlilegt í alla staði og raskaði rétti annarra kröfuhafa, sem greiðslur eiga að fá af uppboðsandvirðinu, að uppboðskaupandi gæti dregið yfirtöku lána til síðasta dags og með því skert það, sem í hlut annarra ætti að koma af uppboðsandvirðinu vegna hækkunar á yfirteknum lánnum frá uppboðsdegi. Það verður því að telja uppboðskaupanda í sjálfsvald sett, hvort hann tekur á sig áfallandi vexti og aðrar verðbætur vegna yfirtekinna lána frá uppboðsdegi eða hvort hann kýs að losna við slíkt með því að greiða þau lán upp m. v. gengi þeirra á uppboðsdegi. Þessi skilningur er í samræmi við 4. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1949, en þar segir:

„Kaupandi greiðir samningsbundna vöxtu af veðskuldum þeim, er áfram kunna að standa eftir uppboðsafsal eða hann annars kann að fá gjaldfrest á, nema öðruvísi semji.“

Samkvæmt framanskraðu er niðurstaða réttarins sú, að kröfur stefnda um sýknu hvort sem er að öllu leyti eða að hluta skv. varakröfum, eru ekki teknar til greina, enda þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á rétt sinn með þeim málásástæðum, er kröfur hans eru reistar á, og breytir það í engu þessari niðurstöðu, við hvaða tímamörk er miðað varðandi kröfur stefnda; samþykktardag tilboðs, afhendingu skips eða yfirtökudag skulda.

Stefndi verður því talinn hafa vanefnt uppboðsskilmála með því að greiða ekki þann hluta uppboðsandvirðisins, sem mál þetta snýst um, þ. e. umræddar 5.230.313 kr., innan þeirra tveggja mánaða frá samþykkt tilboðs, sem uppboðsskilmálar kváðu á um. Geymslugreiðsla stefnda haggar því ekki, að um vanefnd af hans hálfu var að ræða. Hún var bundin skilyrðum, eins og að framan er rakið, svo að stefnandi átti ekki annarra kosta völn en höfða mál til heimtu kröfu sinnar.

Þá leiðir það ekki til sýknu, þótt síðasta varakrafa stefnda sé samhljóða endanlegri dómkröfu stefnanda varðandi fjárhæð og áfallna vexti.

Samkvæmt framanskraðu er niðurstaða réttarins sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda 5.230.313 kr. og hlíta því, að stefnanda beri sem greiðsla tildæmdrar fjárhæðar allt það geymslufé, 5.230.313 kr., sem stefndi lagði inn á geymslureikning í Útvegsbanka Íslands, Hafnarfirði, nú Íslandsbanka hf., Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði, 10. 11. 1989, sbr. kvittun fyrir deponeringu nr. 13955 og skilagrein með deponeringu, dags. 9. 11. 1989, vegna uppboðsmáls bv. Sigureyjar, BA-25, og að áfallnir vextir af geymslufjárhæðinni falli til stefnanda við útborgun geymslufjárins.

Málkostnaður, er stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn 600.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur af málflutningsþóknun, og skal málskostnaðarfjárhæð bera dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Stálskip hf., greiði stefnanda, þrotabúi Hraðfrystihúss Patreksfjarðar hf. 5.230.313 kr., og skal stefndi hlíta því, að stefnanda beri sem greiðsla allt það geymslufé, 5.230.313 kr., sem stefndi lagði inn á geymslureikning í Útvegsbanka Íslands hf., Hafnarfirði, nú Íslandsbanka hf., Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði, 10. 11. 1989, sbr. kvittun fyrir deponeringu nr. 13955 og skilagrein með deponeringu, dagsettri 9. 11. 1989, vegna uppboðsmáls bv. Sigureyjar, BA-25, og að áfallnir vextir af geymslufjárhæðinni falli til stefnanda við útborgun geymslufjárins.

Stefndi greiði stefnanda 600.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur af málflutningsþóknun, og skal málskostnaðarfjárhæð bera dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.